

Mál nr. 234/2019

M og
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar XÁgreiningur um bótafjárhæð vegna reksturs atvinnubifreiðar vegna áreksturs 10. maí 2018.**Gögn.**

Málskot, dags. 28. júní 2019, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 18. júlí 2019.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að bifreið M hafi orðið fyrir tjóni í umferðaróhappi hinn 10. maí 2018 þar sem henni var ekið í Hvalfjarðargöngum þegar bifreiðinni X var ekið á öfugum vegarhelmingi á móti og þannig hafi árekstur orðið milli bifreiðanna. Vátryggingafélagið V hefur viðurkennt bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X vegna tjóns sem hlaust af árekstrinum og af gögnum málsins má einnig ráða að tiltekin bótafjárhæð hafi verið greidd til M vegna umferðaróhappsins.

M gerir grein fyrir því í málskoti að bifreið hans hafi verið sérútbúin til að sinna ferðapjónustu fatlaðra og hafi gjöreyðilagst í árekstrinum. M vísar til þess að þegar áreksturinn varð hafi samningur hafi verið í gildi frá 1. janúar 2015 milli M og Strætó bs. um þjónustu og hafi hann ekki átt að renna út fyrir en 31. desember 2019 og hafi auk þess verið hægt að framlengja hann í 2 ár. M telur að V hafi ekki bætt tjón fyrirtækisins að fullu en það felist bæði í munatjóni á bifreiðinni sem eyðilagðist og öðru fjártjóni vegna rekstrarstöðvunar M í kjölfarið, þar sem M átti ekki aðra bifreið sem hægt var að nota til rekstursins. M gerir þá kröfu að nefndin „...samþykki bótaskyldu félagsins vegna tekjumissis og rekstrarkostnaðar vegna reksturs bifreiðar í atvinnurekstri frá 1. júní 2018 til dagsins í dag.“ M telur að slíkt tjón sé sennileg afleiðing árekstursins og verði að taka mið af því að það taki tíma að útvega sambærilegt sérútbúið ökutæki til rekstursins, hann hafi sjálfur sem eigandi M verið óvinnufær vegna afleiðinga umferðaróhappsins og hann hafi takmarkað tjón sitt eftir fremstu getu.

V bendir á að það hafi samþykkt bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X og telur að ágreiningur við M snúist fyrst og fremst um fjárhæð bóta. V vísar einnig til þess að greiddar hafi verið bætur af hálfu félagsins vegna tjóns á bifreiðinni sjálfri, afnotamissis hennar og bætur vegna tímabundins atvinnutjóns vegna líkamstjóns.

Álit.

Ekki er ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X. Þeir sem hafa orðið fyrir tjóni eru annars vegar eigandi bifreiðarinnar fyrirtækið M, og hins vegar ökumaður þeirrar bifreiðar sem virðist jafnframt vera eigandi fyrirtækisins M.

Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samþykta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, úrskurðar nefndin hvort ágreiningur aðila heyri undir nefndina og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að unnt sé að úrskurða í málinu. Telji nefndin svo ekki vera vísar hún málinu frá.

Eins og ágreiningi er lýst í gögnum málsins er ekki hægt að líta öðruvísi á en að hann snúist eingöngu um hver fjárhæð skaðabóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X eigi að vera vegna tekjumissis og kostnaðar M vegna títtnefnds tjónsatviks. Í 3. gr. fyrrnefndra samþykta kemur fram að nefndin úrskurðar ekki um slíkan ágreining nema með sérstöku samþykki beggja máladaila. V hefur hafnað því að veita slíkt samþykki, sbr. bréf þess dags. 18. júlí sl. og verður því að vísa málinu frá.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík, 29. ágúst 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.